

BLÓRAB

BÚS BY

Í vikunni varð ljóst að þrír ráðherrar af fjórum sleppa við landsdóm. Það er því aðeins **Geir H. Haarde** sem gæti átt refsingu yfir höfði sér vegna gjörða sinna í hruninu. Hann er reyndar ekki sá eini sem situr í súpunni því mál níumenninganna sem mótmæltu í Alþingishúsinu þann 8. desember 2008 verður tekið fyrir í nóvember. Þessir níu einstaklingar voru valdir úr hópi þeirra þrjátíu sem tóku þátt í þessum einstöku mótmælum .

Þeir brutu stjórnarskrána, Alþingi er friðhelgt," sagði Pétur Blöndal þingmaður á Bylgjunni í gær um mál níumenninganna sem ákærðir voru fyrir árás gegn Alþingi.

Atburðurinn átti sér stað þann 8. desember 2008, rétt áður en búsáholdabyltingin braust út þar sem þúsundir Íslendinga tóku sér stöðu við Alþingishúsið og Stjórnarráðshúsið og mótmæltu vanhæfri ríkisstjórn, spillingu, vanrækslu og gáleysi ráðamanna sem varð til þess að efnahagslíf íslensku þjóðarinnar hrundi eins og spilaborg á örskömmum tíma.

Þjóð í áfalli

Þennan dag fóru þrjátíu einstaklingar upp á þingvallana um þrjúleytið þegar þinghald var að hefjast. Þingpöllumunum var síðan skyndilega lokað svo ekki kæmust fleiri að. Í kjölfarið varð uppnám á svæðinu og einhverjir pústrar urðu á milli þingvarða og síðar einnig lögreglu og mótmælenda.

Á þessum tíma var meirihluti þjóðarinnar í hálfgerðu áfalli vegna þess sem á undan hafði gengið. Illugi Jökulsson orðaði það svo fallega þegar hann lýsti því svo: „Því hvað varð til þess að fólkið ruddist inn á Alþingi? Hið algjöra hrun sem varð í október 2008 hafði skilið fjölda fólks eftir í sárum. Já, það er ekki ofmælt að mestöllum þjóðin hafi verið bæði beygð og buguð. Sumir fóru á hausinn, aðrir niður á hnén, hjá enn öðrum ríkti fyrst og fremst svartnætti í sálinni – algjör bölsýni, byggð á því að við höfðum verið svikin.“

Enginn mótmælendanna fór inn með það að markmiði að beita ofbeldi og enginn þeirra beitti ofbeldi. Sumir þeirra vörðust þegar að þeim var vegið. Því hefur verið haldið fram að mótmælendur hafi vegið að þingvörðum en samkvæmt myndböndum var því öflugt farið segir lögmaður þeirra.

„Ekki Alþingi fólksins“

Hluti hópsins ætlaði sér að lesa upp yfirlýsingu og fara svo. Yfirlýsingin var svoh jöðandi: „Alþingi á að vera vettvangur samráðs og lýðræðis. Hlutverk Alþingis er að setja lög, almenningi til verndar og heilla. Alþingi sem þjónar hagsmunum auðvaldsins og bregst skyldum sínum gagnvart almenningi er ekki Alþingi fólksins. Þetta hús þjónar ekki lengur tilgangi sínum, þess vegna skorum við á ykkur þingmenn að ganga héðan út.“

Það voru þó ekki samantekin ráð alls hópsins og sumir voru bara þarna til þess að fylgjast með.

Áður en þeim gafst færi á því að lesa yfirlýsinguna upp var húsið

Alþingi á að vera vettvangur samráðs og lýðræðis. Hlutverk Alþingis er að setja lög, almenningi til verndar og heilla.

rýmt. Hluti hópsins var handtekinn og færður á lögreglustöðina. Aðrir voru beðnir um að gefa upp nafn og kennitölu á staðnum og enn aðrir voru látnir afskiptalausir af lögreglu. Mótmælendurnir segjast aldrei hafa áttað sig á því hverjir urðu fyrir vali lögreglu og hverjir ekki, því svo virtist sem lögreglan hefði pikkað út einstaklinga af handahófi.

Farið fram gegn mati lögreglu

Lögreglunni barst síðan krafa frá skrifstofu Alþingis þar sem þess var krafist að málið yrði rannsakað út frá fyrstu málsgrein 100. greinar almennra hegningarlaga um árás á Alþingi. Eftir rannsókn málsins var niðurstaða lögreglunnar að það væri ekki ástæða til þess að gefa út ákæru vegna brots á 100 gr. í þessu máli. Ríkissaksóknari ákvað engu að síður að gefa út ákæru.

Síðar kom í ljós að ríkissaksóknari Valtýr Sigurðsson var vanhæfur til þess að gefa út þess ákæru vegna fjölskyldutengsla við einn þingvörðinn sem meiddist í uppötinu.

Þá var settur nýr ríkissaksóknari, Lára Júlíusdóttir, í þessu máli sem ákærði í málinu og var sú ákæra nánast orðrétt eins og fyrri ákæran. Enn var byggt á fyrstu málsgrein 100. greinar almennra hegningarlaga og fleiri atriðum. Er þessi grein sú hættulegasta fyrir níumenningana þar sem lágmarksrefsing við brotinu ef þau verða fundin sek um brot gegn henni er árs fangelsisvist. Hámarksrefsing er 16 ára fangelsisvist.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður fór reyndar fram á að settur saksóknari viki einnig í málinu vegna kunningsskapar síns við Alþingi og tengsla hennar sem trúnaðarmaður Alþingis í seðlabankaráði. Þeirri kröfu var hafnað.

Óljósar sakargiftir

Ragnar fór síðan fram á að málinu yrði vísað frá í heild sinni þar sem ákæran var svo óljós að hann taldi erfitt að verjast henni. Hvorki hann né skjólstæðingar hans vissu um hvað málið snérist í raun. Var níumenningunum gefið að sök að hafa brotið gegn Alþingi, valdstjórninni, almannafríði og allsherjarreglu og framið húsbrot með því að hafa í heimildarleysi ruðst inn í Alþingishúsið meðan á þingfundi stóð. Frá-

Össur var ekki kærður 1976

Mál níumenninganna svokölluðu er ekki einsdæmi í sögunni þótt vissulega sé það einsdæmi að fólk sem fer inn á þingvallana í þeim tilgangi að mótmæla sé ákært og geti átt yfir höfði sér fangelsisvist fyrir athæfið. Sambærilegt mál átti sér stað árið 1976 en eftirmál þess voru þó ólík þar sem ekki var neinn ákærður fyrir gjörninginn.

Þann 17. maí 1976 fór hópur stúdenta upp á þingvallana í þeim tilgangi að lesa upp yfirlýsingu fyrir þingmenn og ráðherra þess efnis að lög um opinbera námsaðstoð sem Alþingi var í þann mund að samþykkja brytu í bága við vilja meirihluta námsmanna og væru í meginatriðum andstæð tillögum kjarabaráttunefndar þeirra. Núverandi utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson sem þá var formaður stúdentaráðs kom sér fyrir innst á þingpöllumunum og las yfirlýsinguna hátt og snjallt á meðan hópur fólks skyldi honum fyrir óeinkennisklæddum lögregluþjónum sem reyndu að berjast í gegnum þvöguna. Kliður fór um þingsalinn þegar Össur hóf lesturinn, eða eins og segir í Stúdentablaðinu frá 1976: „Einstaka þingmenn hresstust við, höfðu sýnilega gaman af og hlustuðu með athygli. Einstaka „komment“ vakti kenndir þeirra meir en annað til dæmis þegar Össur talaði um „friðherrann í Seðlabankanum“ glottu margir. En aðrir tóku þessu verr. Ragnhildur Helgadóttir [þáverandi forseti Alþingis] missti algjörlega stjórn á sér. Hún rauk að forsetasætinu, reyndi að ná til bjöllumnar fram yfir vini sínum í forsetastól og tókst að slæma í hana. Það var ekki fullnægjandi svo hún sló í bjölluna berum höndum svo þær endurómuðu holum hljómunum. Þá óð hún niður aftur og fór að æpa að Össuri, „Það mætti ekki tala án leyfis forseta“ og fleira sem var ógreinilegt. Hraktist konan um salinn í örvinglan og boðaði þögn í nafni embættis síns“

Síðar í greininni er minnst á að Jakob Jónsson, varðstjóri og yfirþingvörður, hafi bæst í hóp þeirra óeinkennisklæddu lögregluþjóna sem reyndu að komast í gegnum þvöguna að Össuri sem hafði haldið áfram lestrinum á meðan á öllu þessu stóð. Jakob sagði síðar í viðtali við Morgunblaðið að lögreglumennirnir hefðu verið nokkuð lemstraðir og á þá hafi verið lagðar hendur. Þegar Össur hafði lokið ræðu sinni fór lögreglan með hann út þar sem Ragnhildur Sverrisdóttir stóð og fór að skammast í honum. Því lauk með að hann kallaði hana gamla völvu kapitalismans og hún hann kommúnista og rauk síðan í burtu. Var þingið síðan tæmt og fóru menn til síns heima. Engar ákæur bárust og ekki dró málið það mikinn dilk á eftir sér að Össur Skarphéðinsson yrði ekki síðar formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra.

vísunarkröfu hans var hafnað.

Einum skjólstæðingi Ragnars, Ragnheiði Esther Briem, er til dæmis ekki gefið neitt að sök og er varla nefnd á nafn í ákærunni, en er engu að síður ákærð fyrir húsbrot þótt hvergi sé sagt hvað það var sem hún gerði af sér. Er þetta í fyrsta skipti sem lögmaður hennar sér ákæru sem gengur ekki út á neitt og spyr hann hvernig hægt sé að verjast

engu.

Til að bæta gráu ofan á svart er Ragnheiður Esther barnshafandi og á að eiga á svipuðum tími og málið á að fara fyrir dóm. Lýsti hún því í viðtali við DV á dögnum um hversu mikil áhrif þetta mál hefur haft á líðan hennar á meðgöngunni. Enn er óvíst hvort tíma- setningunni verði breytt vegna aðstæðna hennar.

Ákærið mig líka!

Í kjölfar ákærunnar flykkti fólk sér að baki mótmælendunum níu. Um 700 einstaklingar skrifuðu undir stuðningsyfirlýsinguna sem Ragnheiður Ásta Pétursdóttir, fyrrverandi þula og móðir eins sakborningsins, afhenti Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis.

Þar sagði meðal annars: „Markmið árásinnar var að ná fram breyt-

ÖGGLAR

ÁHALDA- LTINGAR



ingum á íslensku samfélagi, sem er í djúpum vanda, ekki bara vegna auðmagnskreppunnar sem hófst í október 2008, heldur líka vegna þess sem auðveldlega má kalla fyrri árásir á Alþingi, árása sem voru framdar gegn hagsmunum almennings í þágu einkahagsmuna fárra. Níumenningarnir eru félagar okkar og samverkamenn í baráttunni við réttnefnda góðkunningja lögreglunnar: ofbeld-

isfullt ríkisvald og það kúgandi auðmagn sem ríkið veitir þjónustu sína. Samstaða okkar verður ekki rofin með því að velja úr hópnum níu, fjóra eða einn.“
Krafa þessara 700 einstaklinga var að ef ákærvaldið myndi ekki falla frá ákærum sínum á hendur níumenn-ingunum ætti það að gefa út ákærun á hendur öllum þeim sem réðust á Alþingi veturinn 2008–2009 og þar með

talið þeim 700 einstaklingum sem undir þetta rituðu.

Dómarinn kallaði lögreglu til
Ragnar fór einnig fram á að dómarinn viki vegna vanhæfis. Forsendur hans fyrir því voru að frá fyrsta degi



**FRAMHALD Á
NÆSTU OPNU**

SÓLVEIG ANNA JÓNSDÓTTIR:

Fáum ekki tækifæri til að verja okkur

Aldur: 35 ára.
Búseta: Grafarvogur, Reykjavík.
Iðja: Ég vinn á leikskóla.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Þetta er töluvert álag á alla fjölskylduna. Ég á tvö börn og velti því oft fyrir mér hvaða áhrif þetta muni hafa á líf þeirra. Ég hef eiginlega komist að þeirri niðurstöðu að áhrifin séu ekki slæm, þau sjá hversu ranglát yfirvöld eru og eins hversu lítið er að marka fréttaflutning. Það er kostur að læra þessa hluti ungur.“

Hver er þín skoðun á dómsmálinu?

„Skoðun mín er varla prenthæf. Við erum ásökuð um aðför að sjálfræði þings, sem var ekki sjálfrátt. Þarna inni sátu ansi margir sem höfðu til dæmis þegið peningagjafir frá fyrirtækjum og bönkum. Köllum það réttu nafni, mútur. Mikið væri hressandi ef íslenska plútókrasían yrði ákærð fyrir aðför að sjálfræði þingsins.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Ráðherrarnir fyrrverandi hafa í kringum sig hirðir áhrifamikilla stuðningsmanna og eiga greiðan aðgang að fjölmiðlum. Þar hafa þau getað haldið uppi vörnum og félagar þeirra verja þau á þingi. Aftur á móti tekur forseti Alþingis að sér hlutverk sækjanda gegn okkur í ræðustól á Alþingi og lýgur blákalt. Fjölmiðlar flytja fréttir af orðum hennar án þess að kanna hvað hæft sé í þeim og við fáum ekki tækifæri til að verja okkur.“

Ertu sek? „Nei, ég er ekki sek“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Ætli það sé ekki fyrir Pétur Blöndal og Ástu Ragnheiði? Það er allavega ekki fyrir mig.“

KOLBEINN AÐALSTEINSSON:

Myndi gera þetta aftur

Aldur: 26 ára.
Búseta: Siglufjörður (Fjallabyggð).
Iðja: Gæðastjóri.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu?

„Ég reyni að láta þetta mál ekki á mig fá. Ég fór viljugur þarna inn og mun ekki reyna að hopa undan neinni ábyrgð sem þar af leiðir. Ég myndi gera þetta aftur og tek ekkert til baka. Hverning þeir nánustu taka því er annað mál. Það er erfitt að horfa upp á ákærvaldið sem þau treystu hreinlega svikja sig. Örvænting kemur upp þegar það er einmitt það vald sem færði þeim öryggi sem handvelur blóraböggla búsáhalda-byltingarinnar.“

Hver er þín skoðun á dómsmálinu? „Það ber að kæra okkur fyrir allt sem við gerðum. En hvað gerðum við, það er eitthvað sem mig hefur alltaf langað að vita? Þó það sé rétt að kæra þegar lög eru brotin þá er þetta mál algjör firra. Við gerðum mjög lítið og afleiðingin var engin. Hve margar milljónir eru að hverfa í skýrslur og álit um hvernig við móðuguðum alþingismennina? Ég gæti trúað að orð mín séu ógnun við sjálfræði Alþingis, á ég að þora að hugsa eða hafa skoðanir?“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Ef við erum öll 13, við níumenningarnir og ráðherrarnir fjórir, saklaus, verður þá ekki dæmt svo? Nei, svona á ekki að hugsa. Ég bind miklar vonir við ákæruna á Geir. Það þarf að hefja umræðuna á Alþingi og störf þess á herra plan. Við viljum ekki vinsældarkosningar og ábyrgðarlausu stjórnmalamenn. Það sem er verið að kæra Geir fyrir eru stór afglöp sem höfðu enn meiri afleiðingar. Aðgerðir níumenninganna voru knúnar af einsettum vilja og höfðu engar afleiðingar. Við ætlum ekki að kollsteypa Alþingi og ekki einu sinni að særa nokkurn mann. Líkt og Geir þá meintum við vel. Verst að í Geirs tilviki þá gerðist eitthvað hræðilegt. Hér eru stór skil.“

Ert þú sekur? „Svarið mér fyrst; hvernig ég ógnaði sjálfræði Alþingis? Ég er ákærður og ég veit það ekki. Það þykir mér erfitt þegar hvorki verknáður minn né nafn mitt hefur verið tilgreint í ákærinni. Nafn mitt fyrirfinnst einungis í upphafs-upptalningu ákærðra, og hvernig er hægt að verjast ásökunum sem fyrirfinnast ekki. Ákæran sjálf sýnir að ég gerði ekkert.“



TEITUR ÁRSÆLSSON:

Annað ef við værum ungliðahreyfing stjórnmálaflokks

Aldur: 27 ára.
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Bréfberi.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Það hefur í sjálfu sér ekki haft mikil áhrif á mig enda tel ég mig ekki hafa gert neitt glæpsamlegt og kvíði því ekki niðurstöðu. Staðan væri kannski öðruvísi ef ég hefði fjölskyldu sem ég þyrfti að framfleyta. Foreldrar mínir hafa held ég í raun meiri áhyggjur af þessu en ég, þó svo að þau í sjálfu sér kvíði engu. Allir þeir sem þekkja mig standa með mér og trúa því ekki að þetta fari alla leið.“

Hver er þín skoðun á dómsmálinu?

„Yfirvaldið dæmir sig bara sjálft ef það telur sig þurfa að taka okkur úr umferð eða hræða okkur. Þetta mál styrkir í raun þær hugmyndir sem ég hafði áður um valdið. Gagnrýni á ríkjandi kerfi er talin ógn við ríkjandi vald. Ef við hefðum verið ungliðahreyfing frá einhverjum af stjórnmálaflokkunum tel ég að málið hefði aldrei farið fyrir dóm.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Sköndin. Fyndið að þeir sem hafa hvað mest verið á móti því að dæma ráðherrana séu þeir sömu og vilja hvað mest stinga okkur í grjótið. En annars er þetta landsdómsrugl bara enn einn skrípaleikurinn. Persónulega er mér nákvæmlega sama hvort þessir ráðherrar verði dæmdir meðan ekkert hefur verið gert til að hrofla við ríkjandi meingölluðu kerfi.“

Ert þú sekur? „Nei, eins saklaus og ég gæti verið.“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Ríkjandi vald og kerfi.“

STEINUNN GUNNLAUGSDÓTTIR:

Sakleysi ekki nóg í réttarríkinu

Aldur: 27 ára.
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Listamaður.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Það er auðséð að pólitískar ofsóknir og hótanir um frelsisskerðingu hafa vond áhrif á þá sem fyrir þeim verða og þeirra nánustu. Í umfjöllunum um sakamál á hendur peningahausunum og stjórnmálarassgötunum er siendurtekið að þessar ásakanir hafi alvarlegan mannorðshnekki í för með sér auk tilfinningalegs álags fyrir þá og fjölskyldur þeirra. Brýnt er fyrir fjölmiðlum að sýna aðgát í nærveru sálar. Hrikalegt sé fyrir aðstandendur að sjá til dæmis auglýst eftir fjölskyldumeðlimi hjá Interpol eða þegar birtar eru myndir af þessu fólki í lögreglufylgd jafnvel handjárnunðu. Ritstjórar stóru blaðanna halda uppi frósum um að fólk sé saklaust uns sekt þess sé sönnuð og þannig er umfjöllunin í tilfelli þeirra fyrrnefdu. Á sama tíma hika enginn við að birta myndir af okkur þar sem við erum dregin í handjárnun út úr alþingishúsinu. Sömu miðlar titla okkur ávallt „Fólkið sem réðst á Alþingi“ þegar þeir fjalla um málið. Við höfum fyrir löngu verið dæmd sek. Ýmsar aðrar rangfærslur fjölmiðla haldast svo lifandi í umræðunni þrátt fyrir að þeim hafi verið bent á að þeir fari með rangfærslur. Við, vinir okkar, stuðningsmenn og fjölskyldur höfum sætt ofbeldi eða þurft að horfa upp á slíkt af hálfu lögreglunnar í nánast hvert skipti sem við mætum upp í héraðsdóm. Það myndi aldrei líðast að Jón Ásgeir eða Geir H. Haarde væru lamdir af löggunni á leið í sitt eigið dómsmál. Munurinn er sá að við erum lágstéttar-, millistéttar- og utanstéttarpakk.“

Hver er þín skoðun á dómsmálinu? „Ég gef skít í þetta dómsmál. Það er bara enn ein birtingarmynd valdsins sem þarf að berjast gegn.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Mér finnst samanburðurinn kómískur. Það sem um landsdóminn er sagt má algjörlega heimfæra á okkar mál og önnur en fólkið sem er móðursjúkt vegna óréttlætis landsdómsins myndi aldrei geta séð eigin hræsni. Þau líta á sig og sína sem aðra tegund, yfir alla aðra hafna.“

Ert þú sek? „Ég er sek í augum þeirra sem vilja að fólk sé þægir þegnar, sem hugsa í frósum sem þeim hafi verið kenndir. Fyrir það á að refsa okkur.“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Réttarríkið er refsíarmur valdsins gegn þeim valdalausum ef þeir haga sér ekki. Réttlætisþvaðrið um að séum við saklaus þá þurfum við ekkert að óttast, er yfirborðsleg hugsun og algjört skilningsleysi á tilgangi réttarríkisins og bákninu í heild sinni.“

hafði dómarinn kallað lögreglu í hús þegar rétarhöld fóru fram. Til að byrja með vissu hvorki hann né skjólstæðingar hans af því en það kom síðar á daginn. Þá var gestum meinaður aðgangur að réttarsalnum. Taldi Ragnar að þessi ákvörðun dómarans fæli í sér fyrirframgefna afstöðu dómarans, sem líti á þetta fólk sem vafasamt. Því var hafnað.

Aðalflutningur málsins hefst því 29. nóvember. Ríkissaksóknari hefur boðað 20–30 vitni máli sínu til stuðnings, þingverði, lögreglu og aðra. Lögmáður sakborningur er að skoða hvort ástæða sé til þess að leiða alla þingmenn til vitnis. Pét-

ur Blöndal lýsti í útvarpinu í gær hvernig það var að vera á þingi þegar upptötið varð: „Ég var inni á Alþingi og upplifði ógnina sem þetta var. Ég upplifði baráttuna. Ég upplifði það að mínir ættingjar voru hræddir.“ Ef þeir hafa verið á staðnum og upplifað sömu ógn og Pétur telur Ragnar það líklegt að það hafi haft áhrif á afstöðu þeirra í málinu. Björn Valur Gíslason þingmaður VG lagði fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að skrifstofustjóra Alþingis yrði falið að fara þess á leit við ríkissaksóknara að hann drægi til ákærana til baka. Það fékkst ekki í gegn.



SNORRI PÁLL JÓNSSON ÚLFHILDARSON:

Sekur um að hugsa öðruvísi

Aldur: 26 ára.
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Listamaður.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Er Geir Haarde ekki búinn að svara því ágætlega?“

Hver er þín skoðun á dómsmálinu?

„Ísland væri nú varla gott og siðmenntað land með löndum ef það gæti ekki boðið upp á pólitískar ofsóknir svona við og við. Það er ein hlið allra vestrænna lýðræðisríkja, ekki síður en alræðisríkja annarra heimshluta. Ákærurnar eru auðvitað út í hött og sönnunargögnin lítil sem engin. En það er ekki síður vert að spyrja: „Hvað ef við hefðum ógnað Alþingi með einhverjum hætti? Hvers konar samfélag er það sem gefur nokkrum einstaklingum svo mikið vald yfir öðrum, að verja þurfi það með ofbeldi?“ Siðmenntað lýðræði stendur og fellur með lögregluvaldi. Að



sjá ekki lógikina í því þegar þessu valdi er ógrað, er firring á hæsta stigi.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Fjölmiðlar eru fjórða valdið. Það má vera að einhverjir þeirra séu skárri en aðrir en á heildina litið er hlutverk þeirra að

viðhalda gildum samfélagsins, óháð því á hvaða stoðum þau byggja. Það má bera landsdómsmálið saman við margt fleira en málið gegn okkur. Ötrúlegur fjöldi dómsmála fer fram á degi hverjum um alla veröld og fjölmiðlar virðast almennt ganga út frá þeirri hugmynd að réttmæti þeirra sé algjört. Aðeins þegar ákærurnar fara upp stigveldið er spurningarkerki sett við réttmætið. Og það sem verra er, móðursýkin er keyrð á fullt.“

Ert þú sekur? „Ég er sekur um að hugsa öðruvísi en samfélagið reyndi að kenna mér. Ég er sekur um ófgafullar skoðanir í augum þeirra sem halda því ekki bara fram að hlutleysi og meðalmennska séu möguleiki, heldur einnig dyggðir allra dyggða.“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Réttarríkið er skjaldborg utan um alla ónáttúru mannsins og er ætlað að temja það sem enn er ótamið.“

sem gekk á á þessum mánuðum. En fyrir utan Geir H. Haarde er þetta eina fólkið sem er dregið fyrir dóm vegna gjörða sinna í hruninu.

Ráðamenn sleppa

Fólkið sem var í ábyrgðarstöðum á þessum tíma sleppur. Atli Gíslason leiddi vinnuhóp sem mánuðum saman fjallaði um ráðherraábyrgð áður en nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ákæra ætti fjóra ráðherra, þau Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Árna Mathiesen, Björgvin Sigurðsson og Geir H. Haarde. Fjölmörgum þingmönnum misbauð þessi niðurstaða og sjálfur forsætisráðherra fordæmdi hana.

Þegar þingið greiddi atkvæði um landsdóm á dögnum var það almennt viðkvæði þingmanna að

það væri það erfiðasta sem þeir hefðu gert á ferlinum. Að lokum sluppu þeir af fjórum ráðherrum við ákæru. Þeir nutu stuðnings félaga sinna sem töldu mikið óréttlæti felast í því að kæra þetta fólk.

Alþingi þótti það mun greinilega mun léttbærara að kæra nú þjóðfélagsþegna sem ofbauð misréttið og mótmæltu ranglætinu. Egill Helgason benti réttlæga á orð Evu Joly í þessu samhengi. Hún hefur oft talað um það hvað fólki þyki óþægilegt að sjá þrúða menn í jakkafötum, úr efri stéttum þjóðfélagsstigans, dregna fyrir dóm. Þá fer í gang einhver ógurleg meðvirkni sem fólk ræður ekki við. Það er mun þægilegra að senda ungmenni, sem sum hver eru illa klædd og jafnvel anarkistar, fyrir dóm.

ingibjorg@dv.is



Leitað sökudólg
Níumenningarnir svokölluðu hafa verið ákærðir fyrir árás á Alþingi.

MYND SIGTRYGGUR ARI

ANDRI LEÓ LEMARQUIS:

„Kúgun viðhaldið með hegningu lægri stétta“

Aldur: 21 árs.
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Nemi í læknisfræði við HÍ.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Það væri áhyggjuefni ef það hefði engin áhrif á mig og mitt umhverfi. Tilfinningalíf og stéttarstaða þeirra einstaklinga sem brotið er á ætti þó ekki að vera leiðandi þáttur í umræðunni. Ekki fremur en það eigi að gefa Kim Jong-Il, Pinochet, Geir H. Haarde, Þorgerði Katrínu eða Ingibjörgu Sólrúnu aukinn rétt til valdníðslu vegna erfiðrar æsku eða heilsufarstöðu.“

Hver er þín skoðun á dómsmálinu? „Kerfið er hefningjarnt. Þeim mun óréttlát-

ara sem það er þeim mun fastar slær það þegar fólk neitar að láta kúgast.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Það er ekkert einsdæmi á Íslandi að kerfið verndi sjálft sig. Dóm-arinn Baltasar Garzon er nú ákærður á Spáni fyrir að vilja rjúfa þagnarmúrinn um mannréttindabrot fasismaáranna á Spáni. Venjulegir dómstólar eru aldrei ætlaðir valdhöfum. Í sérstökum tilfellum eru settar upp sérstakar táknrænar leikýningar fyrir þá. Hvort sem um er að ræða íslenskan landsdóm, Clearstream-málið í Frakklandi eða alþjóðadómstóllinn í Haag.“

JÓN BENEDIKT HÓLM:

Hefur áhrif á börnin

Aldur: 39 ára.
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Listamaður.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Þetta mál hefur tekið of stóran toll með því að hanga yfir manni eins og einhver fallhöxi fáránleikans. Þetta hefur einnig haft áhrif á börnin mín, sem virðast þó taka þessu með jafnaðargeði. Börn eru viðkvæmar sálir og brothættar og því hefur þetta haft dýpri áhrif á fleiri sálir en okkur níu. Flestir styðja mann og síðan misnotkun lögregluvalds í dómsal er ljótur skitablettur á sídrullandi Alþingi.

Hver er þín skoðun á dómsmálinu? Afstaða mín til málsins sjálfs er bundin við reiði og algjöra vantrú á kerfinu. Upplognar sakir settar fram eins og í einhverju hryðjuverkamáli og síðan misnotkun lögregluvalds í dómsal er ljótur skitablettur á sídrullandi Alþingi.

Menn ættu að líta í eigin barm en gera það ekki, og kannski ekkert skrytið, enda hafa forréttindahópar aldrei gefið forréttindi sín frá sér. Það þarf að taka þau frá þeim.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Umræðan á hinu alltof lága Alþingi um mannréttindi ráðherra er náttúrulega bara skripaleikur, og í samanburði við málið okkar hreinn viðbjóður. Þegar þeir segja að þetta sé það erfiðasta sem þau hafa þurft að gera á sínum ferli þá segir það margt um innrætið. Væri ekki eðlilegra fyrir ráðamenn að finnast erfiðara að sjá fólk fara á götuna eða fremja sjálfsmorð? Nei, það er erfiðara að láta samverkamenn bera ábyrgð.“

Ert þú sekur? „Ég labbaði inn um opn-



Ert þú sekur? „Já. Um að standa ekki oftar upp gegn ráðandi öflum kúgunar og ójöfnuðar.“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Valdastétt-ina, til að viðhalda valdastöðu. Kúgun er viðhaldið með því að hegna lægri stéttum. Einkum þegar þær neita að hlýða settum förmælum.“



ar dyr í Alþingi okkar og staðnæmdist á stigapalli. Þar skattýrtist ég við löggur og þingverði og reif kjaft og viðurkenni ég að vera sekur um það en ekkert annað. En það er búið að útmála okkur níu sem terrorista og ofbeldisseggi, sér-staklega í Fréttablaðinu og Mogganum, enda heiglar þar við störf.“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Hvaða réttarríki?“

BÓR SIGURÐSSON:

Hámarks refsing Geirs tvö ár, okkar er lífstíð

Aldur: 29 ára.
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Leiðsögumaður.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Það er auðvitað stanslaus kvíði í kringum þetta. Maður er í svona huglægu fangelsi með vofu hangandi yfir sér frá morgni til kvölds og á nóttunni líka. Þeir sem reyndu í fyrstu að hughreysta mann með því að segja: „Þið verðið ekkert dæmd“ eru hættir því og maður er hálfpartinn farinn að vilja sjá einhvern dóm falla. Bara til að komast úr þessari óvissu. Verðum við dæmd samkvæmt 100. grein hegningarlaga? Þar sem lágmarksrefsing er eitt ár í fangelsi – og allt að lífstíð. Eða eru 10 mánuðir fyrir dómi næg refsing? Eða verða þeir aðrir 10, 20, eða 30? Til samanburðar má geta þess að Geir Haarde er að væla yfir ákæru þar sem hámarksrefsing er tveggja ára fangelsi, annars bara embættismissir eða sekt.“



Hver er þín skoðun á dómsmálinu? „Þetta eru náttúrulega bara pólitískar ofsóknir. Einhvers konar skilaboð til venjulegs fólks í landinu um að vera stillt og þrútt á meðan stjórnvöld reyna að vinna úr hinum flóknu þjóðmálum.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? „Fjölmíðlar sem fjórða vald ríkisins ættu að fara sérstaklega varlega í að dæma okkur fyrirfram. Kannski vinna vinnuna sína og kynna sér málið áður en fullyrt er um sekt okkar. Það er mjög pirrandi, svo vægt sé að orði komist, að sjá sjálfan sig birtast hvað eftir annað sem sekan mann í fjölmiðlum. Sérstaklega þegar maður er ekki Geir H. Haarde og hefur ekki þau fjölmiðlatengsl sem þarf til að verja sig í svona fjölmiðlastríði. Það er merkilegt að um leið og nöfn valdamanna komast í umræðuna í tengslum við ákæur á hendur þeim er strax byrjað að tönnlast á orði sem valdastéttin beitir annars sjaldan í tengslum við dómsmál – „mannréttindi““

Ertu sekur? „Ég er ekki sekur um að hafa gert árás á Alþingi eða stofnað sjálfræði þess í hættu. Það eru hins vegar aðrir, eins og vitað er, sem keyptu Alþingi upp á sínum tíma. Er það ekki að stofna sjálfræði þess í hættu?“

Fyrir hvern er réttarríkið? Réttarríkið hefur verið og verður hannað af hugmyndasmiðum elítunnar. Það er fyrsta og síðasta vopn í hendi valdsins til þess að sýna þrælunum hvað gerist ef þeir fara út fyrir rammann.“

RAGNHEIÐUR ESTHER BRIEM:

Sorglegt að geta ekki notið meðgöngunnar

Aldur: 36 ára
Búseta: Reykjavík.
Iðja: Starfar á hjúkrunarheimili, menntuð í kvikmyndagerð og grafískri hönnun.

Hvaða áhrif hefur dómsmálið haft á líf þitt og þinna nánustu? „Auðvitað hefur þetta mikil áhrif á líf mitt og minna nánustu. Það er öll tilveran lituð af þessum skripaleik. Ég á 14 ára dóttur, sem hefur náttúrulega miklar áhyggjur af því að þurfa að horfa á eftir mömmu sinni í fangelsi, heyrir og sér umfjallanir og umræður á misjöfnum nótum um okkar mál. Hún er sem betur fer með sterk bein og skoðanir svo hún stendur sterk við hlið mér í þessu öllu. Svo á ég von á mínu öðru barni í nóvember og það er sorglegt að geta ekki notið þess yndislega tíma sem meðgangan er, ekki síst dóttur minnar vegna sem er að eignast sitt fyrsta systkin. Álagið er gífurlegt, endalausar áhyggjur og þvilíkur tími og orka sem fer í þetta fáránlega mál, sem virðist einungis ganga út á það að sanna mátt stjórnvalda og yfirvalds og hræða almenning frá því að opna munninn og andmæla, sama hvaða óréttlæti og hörmungar eru látnar yfir hann ganga. Hræða fólk frá því að standa á rétti sínum. Svo kallast þetta lýðræðisríki!“



Hver er þín skoðun á dómsmálinu? „Þetta dómsmál er náttúrulega bara algjör skripaleikur frá A til Ö, eins og flest annað í þessu samfélagi í augnablikinu. Við erum greinilega handpikkuð út níu, af öllum þeim fjölda fólks sem mótmælti á þessum tíma með réttu. Við níu höfum fyrirfram verið stimpluð sem glæpamenn af verstu gerð og stórhættulegir hryðjuverka-menn sem sést best á lögregluhirðinni sem er kölluð að héraðsdómi þegar mál okkar er tekið fyrir. Við fáum allt annað en réttláta málsmeðferð, þar sem það er alveg deginum ljósara að klíkuskapurinn nær þar inn fyrir dyr, eins og annars staðar, því miður.“

Hvernig finnst þér umfjöllun um landsdóm vera í samanburði við umfjöllun um dómsmálið gegn ykkur? Það er grátbroslegt að heyra gjörspillta alþingismenn væla um pólitískar ofsóknir á hendur sér, sem komu landi og þjóð á hausinn og hafa valdið því að þúsundir manna hafa og munu missa heimili sín, lífsviðurværi og reisn. Á meðan við, þessi níu sem voguðum okkur að opna munninn, erum dregin fyrir dómstóla og kærd fyrir að hafa stigið fæti okkar inn í alþingishúsið þennan umrædda dag. Og af getur hlotist 16 ára fangelsisvist.“

Ert þú sek? „Ég er sek um að hafa talið mig búa í lýðræðisríki og hafa ætlað að nýta mér rétt minn til að mótmæla, krefjast réttlætis og segja mína skoð-un. Ég er sek um að hafa fundið til samstöðu og fyllst réttlætiskennnd, mér og öðrum til handa. Ég er sek um að trúa ennþá á manngæsku og réttlæti og að ætla mér að þagna ekki fyrr en því er náð. En ég er saklaus af því að hafa með einhverju móti ógnað öryggi eins né neins, nema þá orð mín séu svo hættuleg og banvæn að almenningi og stjórnvöldum hafi staðið ógn af.“

Fyrir hvern er réttarríkið? „Dómskerfið á Íslandi er því miður litað af pólitík og klíkuskap og langt í land með að það breytist. Réttu fólki hefur verið plantað á rétta staði til að tryggja réttum aðilum rétta niðurstöðu sinna mála.“